

Félag eldri borgara í Reykjavík og nágrenni

Ársreikningur
2023

Félag eldri borgara í Reykjavík og nágrenni
Stangarhyl 4
110 Reykjavík
kt. 490486-3999

Félag eldri borgara í Reykjavík og nágrenni

Ársreikningur 2023

Efnisyfirlit

Áritun óháðra endurskoðenda	2-3
Áritun kjörinna skoðunarmanna	4
Skýrsla stjórnar	5
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Yfirlit um sjóðstreymi	8
Skýringar	9-12

Áritun óháðra endurskoðenda

Til stjórnar og félaga í Félagi eldri borgara í Reykjavík og nágrenni

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni fyrir árið 2023. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2023, efnahag þess 31. desember 2023 og breytingu á handbæru fé á árinu 2023, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð Félagi eldri borgara í Reykjavík og nágrenni í samræmi við alþjóðlegar siðareglur og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Aðrar upplýsingar

Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar innifela skýrslu stjórnar. Álit okkar á ársreikningnum nær ekki yfir aðrar upplýsingar og við ályktum hvorki um, né veitum staðfestingu á efni þeirra ef frá er talin sú staðfesting varðandi skýrslu stjórnar sem fram kemur hér að neðan.

Í tengslum við endurskoðun okkar berum við ábyrgð á að lesa framangreindar aðrar upplýsingar og skoða hvort þær séu í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða þekkingu okkar sem við höfum aflað við endurskoðunina eða virðast að öðru leyti innifela verulegar skekkjur. Ef við komumst að þeirri niðurstöðu, byggt á þeirri vinnu sem við höfum framkvæmt, að það séu verulegar skekkjur í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Það er ekkert sem við þurfum að skýra frá hvað þetta varðar. Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafi enga aðra raunhæfa möguleika.

Áritun óháðra endurskoðenda

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanlega vissu er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Reykjavík, 12.02.2024

Deloitte ehf.

Heiðar Þór Karlsson

Heiðar Þór Karlsson
endurskoðandi

Áritun kjörinna skoðunarmanna

Til stjórnar Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni

Við undirritaðir félagslega kjörnir skoðunarmenn reikninga Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni, höfum yfirfarið ársreikning félagsins fyrir árið 2023

Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum félagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur.

Það er sameiginlegt álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu og efnahag Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni, fyrir árið 2023, og leggjum við til að hann sé samþykktur.

Reykjavík, 12.02.2024

Guðni Arnadóttir
Ólafur Grán

Skýrsla stjórnar

Ársreikningur Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni fyrir árið 2023 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Hlutverk félagsins er að gæta hagsmuna eldri borgara í Reykjavík og nágrenni í hvívetna.

Starfsemin á árinu og framtíðarhorfur	2023	2022
Rekstrartekjur félagsins námu.....	170.741.011	136.889.299
Hagnaður félagsins nam.....	14.993.932	11.320.055
Fjöldi ársverka nam.....	3,3	3,7
	31.12.2023	31.12.2022
Eignir félagsins námu.....	111.296.746	113.809.032
Bókfært eigið fé nam.....	84.640.610	69.646.678
Eiginfjárlutfall félagsins nam.....	76,05%	61,20%

Stjórn félagsins leggur til að afkoma ársins verði yfirfærður til næsta árs, en vísar að öðru leyti í ársreikninginn um breytingar á eigin fé félagsins.

Að áliti stjórnar og framkvæmdastjóra Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok,

Stjórn og framkvæmdastjóri Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni staðfestir hér með ársreikning félagsins með undirritun sinni.

Reykjavík, 12. 02. 2024

Í stjórn

Ingibjörg H. Gunnarsdóttir
stjórnarformaður

Dagurleyg Gísladóttir

~~Dóra Þórisson~~

Zdr. Jónsson

Stephía Valgeirsdóttir

Jóna Gunnarsdóttir

Ingibjörg Óskarsdóttir

~~Ólafur Þorsteinsson~~

~~Ólafur Þorsteinsson~~

Framkvæmdastjóri

Árslief Justfjöld

Rekstrarreikningur ársins 2023

	Skýr.	2023	2022
Rekstrartekjur			
Félagsgjöld		83.323.700	70.996.100
Tekjur af félagsstarfsemi		81.579.505	60.114.051
Aðrar tekjur		5.837.806	5.779.148
		<u>170.741.011</u>	<u>136.889.299</u>
Rekstrargjöld			
Laun og annar starfsmannakostnaður	4	(44.574.515)	(36.401.731)
Kostnaður við félagsstarfsemi		(63.739.051)	(46.374.691)
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		(23.636.721)	(20.640.402)
Annar rekstrarkostnaður		(24.867.487)	(18.244.543)
Afskriftir fastafjármuna	6	(550.000)	(550.000)
		<u>(157.367.774)</u>	<u>(122.211.367)</u>
Rekstrarhagnaður			
		13.373.237	14.677.932
Fjármunatekjur		5.374.428	1.973.455
Fjármagnsgjöld		(3.753.733)	(5.331.332)
		<u>1.620.695</u>	<u>(3.357.877)</u>
	5		
Hagnaður ársins			
		<u>14.993.932</u>	<u>11.320.055</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2023

Eignir	Skýr.	31.12.2023	31.12.2022
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	6	44.550.000	45.100.000
		<u>44.550.000</u>	<u>45.100.000</u>
Veltufjármunir			
Verkbirgðir		0	0
Viðskiptakröfur		2.426.000	465.200
Handbært fé		64.320.746	68.243.832
		<u>66.746.746</u>	<u>68.709.032</u>
Eignir		<u>111.296.746</u>	<u>113.809.032</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Óráðstafað eigið fé	8	84.640.610	69.646.678
		<u>84.640.610</u>	<u>69.646.678</u>
Eigið fé		<u>84.640.610</u>	<u>69.646.678</u>
Langtímaskuldir og skuldbindingar			
Skuldir við lánastofnanir	9	16.057.546	34.816.392
		<u>16.057.546</u>	<u>34.816.392</u>
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir		1.192.596	2.774.299
Fyrirframgreiddir styrkir og ferðir		6.642.600	2.530.000
Næsta árs afborganir langtímaskulda	9	1.207.563	2.336.329
Aðrar skammtímaskuldir		1.555.831	1.705.334
		<u>10.598.590</u>	<u>9.345.962</u>
Skuldir		<u>26.656.136</u>	<u>44.162.354</u>
Eigið fé og skuldir		<u>111.296.746</u>	<u>113.809.032</u>

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2023

	Skýr.	2023	2022
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrarhagnaður		13.373.237	14.677.932
Afskriftir		550.000	550.000
Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta		13.923.237	15.227.932
Aðrar rekstartengdar eignir (hækkun), lækkun		(1.960.800)	598.228
Rekstartengdar skuldir, hækkun		2.450.171	3.851.933
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta		14.412.608	19.678.093
Innborgaðir vextir og arður		5.374.428	1.973.455
Greiddir vextir		(2.174.703)	(1.998.788)
Handbært fé frá rekstri		17.612.333	19.652.760
Fjárfestingahreyfingar			
Viðskiptaskuld/kröfur vegna framkvæmda		0	0
		0	0
Fjármögnunarhreyfingar			
Afborganir langtímaskulda		(21.535.419)	(2.130.074)
		(21.535.419)	(2.130.074)
(Lækkun), hækkun handbærs fjár		(3.923.086)	17.522.686
Handbært fé í upphafi árs		68.243.832	50.721.146
Handbært fé í lok árs		64.320.746	68.243.832

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Félag eldri borgara í Reykjavík og nágrenni er langstærsta félagið innan Landssambands eldri borgara með um 14.700 félagsmenn. Félagið var stofnað 15. mars 1986. Hlutverk þess er að gæta hagsmuna eldri borgara í hvívetna. Rétt til að verða félagsmenn eiga þeir sem hafa náð 60 ára aldri og einnig makar þeirra þótt þeir séu yngri. Aðsetur félagsins er að Stangarhyl 4, 110 Reykjavík.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins.

3. Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

4. Laun og annar starfsmannakostnaður

	2023	2022
Laun	34.723.933	27.595.304
Lífeyrissjóður	5.199.426	4.767.674
Önnur launatengd gjöld	3.090.250	2.814.271
Annar starfsmannakostnaður	1.560.906	1.224.482
	<u>44.574.515</u>	<u>36.401.731</u>
Meðalfjöldi stöðugilda	3,3	3,7

5. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

	2023	2022
Fjármunatekjur greinast þannig:		
Vaxtatekjur af bankainnstæðum	5.374.428	1.973.455
	<u>5.374.428</u>	<u>1.973.455</u>
Fjármagnsgjöld greinast þannig:		
Vaxtagjöld og fjármagnstekjusk.	(2.231.631)	(1.990.244)
Verðbætur af langtímalánum	(1.519.321)	(3.328.400)
Dráttarvaxtagjöld	(2.781)	(12.688)
	<u>(3.753.733)</u>	<u>(5.331.332)</u>

Skýringar

6. Varanlegir rekstrarfjármunir

	Fasteignir	
Kostnaðarverð		
Staða í ársbyrjun		55.000.000
Staða í árslok		55.000.000
Afskriftir		
Staða í ársbyrjun		9.350.000
Afskrift ársins		550.000
Staða í árslok		9.900.000
Bókfært verð		
Bókfært verð í ársbyrjun		45.650.000
Bókfært verð í árslok		45.100.000
Afskriftarhlutföll		1%
Fasteignamat og brunabótamat eigna félagsins í árslok greinist þannig	Fasteignamat	Brunabótamat
Stangarhylur 4, 223-6182	121.900.000	212.550.000

8. Óráðstafað eigið fé

Óráðstafað eigið fé greinist þannig:	Óráðstafað eigið fé
Óráðstafað eigið fé 1.1.2023	69.646.678
Afkoma ársins	14.993.932
Eigið fé 31.12.2023	84.640.610

9. Langtímaskuldir

	Skuldir við lánastofnanir	
	31.12.2023	31.12.2022
Skuldir í íslenskum krónum vegna félagastarfsemi	17.265.109	37.152.721
Næsta árs afborg. langtímask.	17.265.109	37.152.721
	(1.207.563)	(2.336.329)
Langtímaskuldir í árslok	16.057.546	34.816.392
Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig:		
	Skuldir við lánastofnanir	
	31.12.2023	31.12.2022
Næsta árs afborganir	1.207.563	2.336.329
Afborganir 2025/2024	1.262.994	2.443.574
Afborganir 2026/2025	1.320.968	2.555.740
Afborganir 2027/2026	1.381.606	2.673.059
Afborganir síðar	12.091.978	27.144.019
	17.265.109	37.152.721

Félagið hefur veðsett fasteign félagsins til tryggingar á skilvísri og skaðlausri greiðslu á skuldum sínum.

Skýringar

10. Ábyrgðir og önnur mál

Einn bankareikningur félagsins er bundinn vegna ferðaskrifstofuleyfis, innstæða nemur 540 þúsund kr.

11. Reikningsskilaaðferðir

Skráning tekna

Tekjur af vörusölu og þjónustu eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið. Vörusala er skráð þegar yfirráð yfir seldri vöru flytjast yfir til kaupanda, sem er almennt við afhendingu vöru. Þjónustutekjur eru eftir atvikum færðar á þeim tímapunkti þegar þjónustan hefur verið innt af hendi, eða samhliða því sem þjónustan er veitt. Sala er sýnd í rekstrarreikningi að teknu tilliti til afsláttar. Tekjur, sem innheimtar hafa verið á reikningsárinu en varða síðari reikningsár, eru færðar til skuldar í efnahagsreikningi sem fyrirframinnheimtar tekjur. Tekjur, sem varða reikningsárið en innheimtast eftir lok þess, eru færðar til eignar í efnahagsreikningi.

Tekjur vegna félagsgjalda eru færðar á því tímabili sem félagsgjöld eru greidd.

Skráning gjalda

Gjöld sem stofnað er til við öflun tekna á tímabilinu eru færð sem rekstrarkostnaður. Gjöld sem stofnað er til á reikningsárinu en varða síðari reikningsár eru færð til eignar í efnahagsreikningi sem fyrirframgreiddur kostnaður. Gjöld sem varða reikningsárið en koma til greiðslu síðar, eru færð til skuldar sem áfallinn kostnaður í efnahagsreikningi.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaþrósentu.

Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Varanlegir rekstrarfjármunir eru afskrifaðir línulega á áætluðum nýtingartíma þeirra, að teknu tilliti til vænts hrakvirðis.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í

Handbært fé

Handbært fé félagsins samanstendur af sjóði og bankainnstæðum.

Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar á nafnverði að fráðregnum afborgunum af höfuðstól og eru eftirstöðvar nafnverðs reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu í lok tímabilsins eftir því sem við á.

Skýringar

11. Reikningsskilaaðferðir, framhald

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að félagið verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

Skuldbindingar vegna vöruábyrgða eru færðar á söludegi viðkomandi vara og metnar af stjórnendum m.t.t. áætlaðs fjárútsreymis sem ábyrgðirnar kunna að valda í framtíðinni.

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til áfallins kostnaðar.